

Skýrsla mótanefndar Funa 2012

Mótahald Funa hefur verið með mjög svipuðu sniði nokkur undanfarin ár og mótanefnd hefur ekki séð ástæðu til breytinga, en auðvitað er sjálfsagt að ræða þær öðru hvoru. Til dæmis hefur ekki verið íþróttamót í mörg ár, en á árum áður voru þau á hverju ári og þá gjarnan á sumardaginn fyrsta. Einnig hefur ekki verið haldið mót á ís, en erfitt er að halda slíkt mót, nema með litlum fyrirvara og hafa þarf í huga mót í nágrenninu, sem hafa unnið sér sess. Þá má nefna kappreiðar sem gaman væri að hafa oftár.

Annað atriði sem hafa þarf í huga er það framboð sem er í boði í mótahaldi um allt land og hefur Funi lagt áherslu á að hafa stöðugleika í mótahaldinu þannig að þau vinni sér sess og menn viti að hverju þeir gangi, en það á einkum við um stórmótið í ágúst, sem hefur verið kennt við Melgerðismela.

Úrtaka fyrir landsmót 9. júní

Úrtakan var haldin með Létti, Hring og Þráni á Hlíðarholtsvellið á Akureyri. Funi átti rétt á að senda tvo keppendur í hverjum flokki.

Gæðingakeppni 16. júní

Gæðingakeppnin fór fram í blíðskaparveðri og bent er á að úrslit má sjá á vef hestamannafélagsins, funamenn.is. Ekki hefur verið tekið skráningagjald í gæðingakeppninni.

Melgerðismelar 2012, 18. – 19. ágúst

Alls var 151 skráning að þessu sinni, en þetta er í fjórða skipti sem mót þetta er haldið og alltaf hefur vel tekist til. Mótið er haldið þriðju helgina í ágúst og vilji heimamanna er til þess að kynbótasýning sé haldin á Náttfaravelliðum í vikunni þar á undan, en BSE hefur ekki samþykkt það þar sem það er ekki vilji HEP. Með því móti væru meiri líkur til að keppendur kæmu lengra að.

Keppt er í A- og B-flokki, barna- unglinga- og ungmennaflokki, tölti og kappreiðum. Það að hafa töltkeppni gerir það að verkum að það þarf bæði gæðinga og íþróttadómara. Í kappeiðunum hafa verið veitt peningaverðlaun, en þau hafa verið greidd af styrktaraðilum. Það að halda kappreiðar kallar á startbása, sem hafa verið leigðir af Hring á Dalvík og tímatökubúnaður skeiðfélagsins Náttfara hefur verið notaður.

Styrktaraðilum er þakkað kærlega fyrir þeirra stuðning, en að þessu sinni gáfu Bústólpi, Eimskip og Lífland verðlaunagrip, en peningaverðlaun í kappreiðum gáfu Gestur Júlíusson dýralæknir, Grund II, Hrafnagil, Kálfagerði, og Litli-Dalur.

Bæjakeppni 26. ágúst

Bæjakeppnin hefur verið samstarfsverkefni stjórnar og mótanefndar að undanfögnu. Sú nýlunda var nú að keppt var í feti í flokki polla, barna og unglinga og brokki í flokki ungmenna, karla og kvenna.

Fjöldi bæja styrkti félagið eins og endranær með þátttöku sinni og er þeim þakkað kærlega fyrir þeirra framlag.

Hugleiðingar

Það að halda mót kallar á nokkuð mikið af góðu starfsfólki og því er mikilvægt að geta gengið að fólki sem sérhæfir sig í ákveðnum verkefnum. Félagið þarf að koma sér upp öflugri kjarna lykilstarfsmanna og gott væri að þeir sem gætu hugsað sér að starfa á mótum gefi sig fram við nefndina eða stjórn Funa. Má þar nefna ritara og tímatökufólk.

Það sem betur má fara hjá okkur er t.d. myndataka og fréttáflutningur frá mótunum. Þá þarf félagið að koma sér upp startbásum svo auðveldara og kostnaðarminna til lengri tíma litið sé að halda kappreiðar.

Þá þarf að fara að huga að því að bera ofan á velli í framtíðinni og minnt er á hugmynd um skeiðbraut meðfram áhorfendabrekku, sem myndi gera gæðingakeppnina mun skemmtilegri á að horfa.

Þakkir

Mótanefnd Funa þakkar húsnefnd fyrir hennar þátt í mótahaldinu, en hún hefur séð um veitingar og allt utanumhald um Funaborg.

Þá þakkar nefndin öllum sem hafa unnið óeigingjarnt starf við undirbúning mótanna og mótahaldið sjálft og öllum styrktaraðilum sem styrktu mótahaldið

Mótanefnd Funa